

# Leiðbeiningar með umsókn um skráningu vörumerkis

1. Eigandi vörumerkis (einstaklingur/einstaklingar eða lögaðili).

2. Tengiliður. Á einungis við ef eigendur vörumerkis eru fleiri en einn eða ef eigandi er lögaðili.

3. Á einungis við ef eigandi vörumerkis er ekki með skráð lögheimili á Íslandi. Sé eigandi með skráð lögheimili á Íslandi er þó heimilt að tilnefna umboðsmann sem annast mun vörumerkið og skal þá skila inn umboði.

4. Á einungis við hafi umsókn um vörumerki verið lögð inn áður í öðru ríki, en þá er hægt innan 6 mánaða frá umsóknardegi að leggja inn umsókn fyrir sama merki hér á landi og krefjast forgangsréttar frá upphaflegu umsókninni. Seinni umsókn telst þá lögð fram sama dag og sú fyrsta.

5. Einungis skal tiltaka **eitt** vörumerki á hverri umsókn (orð, orð- og mynd eða bara mynd). Ef sótt er um orð, skal það ritað í efri reitinn. Ef sótt er um orð- og mynd eða bara mynd (logo), skal það fært inn í neðri reitinn á umsóknareyðublaði sem fyllt er út á tölvutæku formi. Jafnframt skal skila inn mynd á stafrænu formi – .jpg (postur@els.is).

Ef vernda á **merki í lit**, skal skila inn litmynd (haka við reit).

Ef vernda á **merki í þrívídd**, skal skila inn mynd í þrívídd (haka við reit).

**Félagamerki:** með skráningu geta félög eða samtök öðlast einkarétt fyrir félagsmenn sína til að nota í atvinnustarfsemi sameiginlegt auðkenni fyrir vörur eða þjónustu. Jafnframt geta stjórnvöld, stofnanir, félög eða samtök öðlast einkarétt á merki sem notað er fyrir vörur eða þjónustu sem eftirlit eða staðlar taka til. Athugið að einstaklingar geta ekki sótt um félagamerki.

6. Yfir hvað skal verndin ná? Færa skal inn númer [vöru- og þjónustuflokka](#), ásamt upptalningu á viðeigandi vöru/þjónustu. Valin skal sá flokkur sem varan/þjónustan fellur undir. Alla vöru- og þjónustuflokka má sjá á bls. 2 í umsókn og er yfirskrift flokka túlkuð á þá leið að hún taki eingöngu til þeirrar vöru eða þjónustu sem tilgreind er. Athygli skal vakin á því að hluti yfirskrifta flokka nr. 6, 7, 14, 16, 17, 18, 20, 37, 40 og 45 telst of víðtækur og þarf því að tilgreina nánar um hvers konar vöru eða þjónustu er að ræða, sbr. breytingum varðandi túlkun á yfirskrift Nice flokkunarkerfisins um vöru og þjónustu sem tóku gildi 1. janúar 2014. Nánari lýsingu á hverjum flokki fyrir sig og yfirlit má finna á heimasíðu ELS undir [flokkun vöru og þjónustu](#). Skila verður vörulista á íslensku, en hægt er að leita í [gagnabanka WIPO](#). Ef vörulisti er mjög langur skal honum skilað á sér blaði.

Athugið að ef um verslunarstarfsemi er að ræða skal eftirfarandi texti notaður í flokki 35: *Samansöfnun margvíslegra vara (þó ekki flutningur á þeim) til hagsbóta fyrir aðra, sem gerir viðskiptavinum kleift að skoða og kaupa þessar vörur á auðveldan og þægilegan hátt.*